

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða sem Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.), 418. mál.

Mér sem hluta af yngi kynslóðinni langar að koma fram með athugasemdir um tilögur ráðherra að breytingum á lögum um stjórn fiskveiða.

Ég fordæmi þær afturfarir sem boðaðar eru með því að taka upp svæðaskiptingu á strandveiðum aftur.

Eftir árið 2019 þar sem öllum var tryggt tækifæri til að róa 48 dag, 12 daga í mánuði 4 daga vikunar, heyrði maður litlar óánægju raddir með strandveiðikerfið og var breið sátt um það meðan mönnum voru tryggðir 48 daganir. Áttu þessar breytingar, að það væri búið að tryggja þessa 48 daga stæðsta þáttinn í því að ég ákvað að endurnýja bátinn sem ég átti og fá mér stærri og hraðgengari bát.

En allt kom fyrir ekki árið 2020 brustu þessar forsendur og í stað þess að ráðamenn færu í að tryggja nægar aflaheimildir fyrir 48 daga fyrir alla, þá boðar ráðherra þessa afturför. Ég hræðist um líf og heilsu mína og þeirra sem strandveiðar stunda ef gamla olympiska strandveiðikerfið kemst aftur á.

Þetta er sáráneinfalt.

Tryggja þarf 48 daga á bát óháð því magni sem veiðist ár hvert og þá dettur þessi krafa hjá þessum litla hóp (sem lítið hefur heyrt í) sem vill svæðaskiptinguna aftur um sjálft sig. Einnig ætti að hafa landið sem eitt svæði og menn geta fært sig til á landinu eins og þeir vilja, ef þeim hentar.

Svo að strandveiðar skili þeim tilgangi sem þeim var ætlað í upphafi, að efla atvinnulíf og byggðir um allt land, verður að stuðla að frekari uppbyggingu, ekki niðurifs á Strandveiðikerfinu eins og boðað er. Því kerfinu fylgja mörg störf bein, óbein, til lands og sjós, vítt og breitt um landið allt.

Aflin sem strandveiðiflotin hefur komið með í land hefur haldið uppí fiskmörkuðum hérlendis með hráefni og einnig trygg hráefni fyrir ferskfisk vinnslur hérlendis sem selja fiskin unnin út á hæst borgandi ferskfiskmarkaði heims. Því tel ég nauðsynlegt að tryggja að allir fái þennan rétt að veiða 12 daga í mánuði út maí, júní, júlí, og ágúst.

Einnig vill ég skerpa á því sem ég tók fram í samráðsgáttinni varðandi byggðakvótan

„Varðandi Byggðakvóta hlutann í þessu frumvarpi er rétt að benda á og hvetja ráðamenn til þess að skoða sukkið í kringum byggðakvótan, þar sem maður sér þónokkuð er um báta/skip sem þygga byggðakvóta sem endar síðan á leigumarkaðnum og er ekkert annað en siðlaust, græðgi og spilling (sannanir fyrir því má finna inná fiskistofa.is, nefni engin nöfn)

Sem ungur trillusjómaður þá nýtis byggðakvóti mér ekkert til uppbygginar á minni útgerð, t.d í sjávarbyggð þar sem einungis er fiskvinnsla með eigin útgerð í heimabyggð minnar útgerðar, og þær sambyggja að gera vinnslusaming við þig og taka fiskinn á verðlagstofu verði sem er 201,09 kr/kg á 3 kg óslægðum þorsk samkvæmt viðmiðunarverði sem tók gildi 2.sept 2020. Á meðan fiskverð á opnum mörkuðum er meira en tvöfalt hærri fyrir 2-4 kg óslægðan þorsk. Búið að rokka frá 380 kr/kg upp í 470kr/kg

Vitna ég hér í skjáskot af 2-4 kg fisk úr róðir hjá mér þann 9 september 2020

			stærð	kr/kg	kg	samtals.
09.09.2020	ÞORSKUR	Ø	2.0-4.0	447 kr.	504	259,988 kr.

Það sér hver vitborinn maður að ég væri að stór tapa á þeim viðskiptum.

Einnig hafa þær fiskvinnslur með útgerð meiri hag í því að hafna vinnslusamingum og setja stein í veigi manns og fá byggðakvótan á sín eigin skip frekar.“

Einnig tek ég undir þau rök sem bátafélagið Ægir, Guðlaugur Gunnarsson, Smábátafélagið Hrollaugur og Þórður Birgirsson setja fram hvað varðar byggðakvóta og línuívilun.

Undir ritaður hefur frá því hann byrjaði á vinnumarkaði unnið í kringum trillu sjómensku og unnið markvíst að því að hasla sér völl í þeirri atvinnu grein.

Það vantar ALLAR íviljanir fyrir unga útgerðar menn til að koma undir sig fótunum og tryggja þeim atvinnuöryggi sem hafa dug og þor í að standa á eigin fótum.

Fyrir hönd

SH-204.ehf – Birtir SH 204 (6868)

Andri Ottó Kristinsson
Grundarfirðir.